

enda þótt að Lebau hefði enga framtíðarvon til að fullkomna gleðina.

Sex mánuðum síðar sat Adela og Körn á hjalla nokkrum við Arnofljótið. Þau voru komin til Florents og atluðu að dvelja þar lítið eitt.

Adela brosti blíðlega til gamla vinar síns og sagði:

“Ég held við förum nú bráðum heim, Körn. Ég er nú orðin vel frísk og rödd mín er byrjuð að jafna sig. Ég er ef til vill nokkuð mögur ennþá, og ekki tiltakanlega aðlaðandi, en ég held þó, að ég verði að fara að húa mig undir þetta ameríkanska starfstilboð”.

“Það vona ég þér gerið ekki, frú Adela”, sagði á þessu augnabliki hljómmikil rödd við hliðina á henni.

Adela leit við og sá með ánægðri undrun gleðigeislandi andlitið á barúni Lebau.

“Ástfóligna Adela”, sagði hann, “ég gat ekki lengur barist gegn freistingunni að fá að sjá yður aftur. En hvað mér þykir vænt um að sjá yður heilbrigða og hressa”.

Adela rétti honum hendina. Hún gat ekki dulið gleðina yfir því að sjá hann, og það gaf barúninum þrótt til að þverskallast við áminninguna, sem hann vissi að á eftir mundi koma.

“Þér hefðuð ekki átt að koma”, sagði hún, “það er ekki gott fyrir okkur að finnast of oft, og þess utan er það líka rangt”.

“Nei, það er ekki lengur rangt, kæra Adela, við höfum heimild til að elskast, til að tilheyra hvort öðru, þér og ég. Þér eruð frjálsar, Adela”.

“Frjáls! — hr. barún, þér gleymið —”

“Ég gleymi engu. Ég hef glöggari afspurn en þér, Adela. Hann er dáinn”.

Hún starði þegjandi á hann. Þessi fregn gerði hana mállessa af undrun.